

BUÞJ3ÞJ05

Búið til: Fri, 05 Dec 2014 16:47:58 GMT

Titill

Barna- og unglingaþjálfun

Skammstöfun

BUÞJ3ÞJ05

Útgáfunúmer

1

Námsgrein

barna- og unglingaþjálfun

Viðfangsefni

þjálfun barna og unglinga

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

3

Einingafjöldi

5

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Í áfanganum eiga nemendur að nýta þá þekkingu, leikni og hæfni sem þeir hafa öðlast í náminu á vettvangi. Nemendur eiga að vinna með börnum og unglingum í íþróttastarfi, m.a. með því að leiðbeina þeim á æfingum (skipuleggja, framkvæma og meta þjálfun), undirbúa og framkvæma keppni (leiki og mót) og skipuleggja og framkvæma annars konar viðburði í íþróttastarfinu.

Forkröfur

5 einingar í barna- og unglingaþjálfun á 2. þrepi

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mismunandi aðferðum (kennslufræðilegum) við þjálfun, s.s. heildar-hluta-heildaraðferðinni
- mismunandi áherslum (þjálfunarlegum) við þjálfun, s.s. mikilvægi leikja hjá yngstu kynslóðinni
- þeim viðfangsefnum sem skipta máli við þjálfun ungra barna (4-9 ára) og eldri barna og unglinga (10-16 ára)

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- setja upp skipulagðan tímaseðil á tölvutæku formi
- framkvæma þjálfun út frá íþróttagrein og hóp
- beita mismunandi aðferðum (kennslufræðilegum) við þjálfun út frá aldri og samsetningu hóps
- undirbúa og framkvæma annars konar viðburð, s.s. vídeókvöld, spilakvöld eða annan viðburð

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- rökstyðja æfingaval, æfingaaðferð o.s.frv. við þjálfun
- meta þjálfunina hjá sér (hvað gerði ég rétt/rangt)
- sýna frumkvæði og vera ábyrgur í hlutverki sínu með börnum og unglingum

Námsmat

Í áfanganum er leiðsagnarmat með símati alla önnina. Öll verkefni gilda til einkunnar. Nemendur þurfa að halda utan um þjálfunina (tímaseðla, mat á kennslunni o.s.frv.) í tölvutæku formi eða í stílabók.

Skólar

Fyrirmynd